

Nefndarsvið Alþingis

Sent á netfangið nefundasvid@althingi.is

Hafnarfirði, 4. mars 2021

2101004/KA

Vísað er til umsagnarbeiðni umhverfis- og samgöngunefndar Alþingis vegna frumvarps til laga um ráðstafanir gegn umhverfismengun af völdum einnota umbúða fyrir drykkjarvörur (endurvinnsla og skilagjald), 505. mál, sem barst Isavia ohf. 18. febrúar sl. Félagið þakkar fyrir að fá tækifæri til að koma athugasemdum sínum á framfæri. Um leið bendir félagið á að því er umhugað um umhverfismál og rekur ábyrga umhverfisstefnu.

Félagið skilaði ítarlegri umsögn við frumvarpið í gegnum samráðsgáttina þar sem lagðar voru fram nokkrar tillögur til breytinga á því m.a. vegna skilagjalds í tollfrjálsri verslun. Félagið leggur nú áherslu á þennan þátt frumvarpsins en í því er nú lagt til að horfið verði frá núverandi fyrirkomulagi um að undanskilja álagningu gjaldsins og að lagt verði skilagjald á allar einnota drykkjarumbúðir sem seldar eru á friðhafnarsvæðinu.

Í frumvarpinu er lögð áhersla á hringrásarhagkerfið en segja má að tilgangurinn með skilagjaldi á einnota umbúðir sé að búa til hvata fyrir neytendur til að skila umbúðum til endurvinnslu og fá þannig skilagjaldið endurgreitt. Félagið bendir á að í tilfelli neytenda sem kjósa að versla drykkjarvörur í einnota umbúðum í tollfrjálsri brottfararverslun líkt og friðhafnarversluninni fara með vöruna úr landi. Sala á áfengisflöskum í friðhafnarverslun eru alla jafna í magnpakkningum, eru ekki í kæli og ekki til að dreifa glösum til að drekka veigarnar úr. Aðeins í undantekningar tilvikum komi umbúðirnar til baka. Þannig falla umbúðirnar til erlendis og koma ekki til endurvinnslu hér á landi og er því hvatinn til endurvinnslu ekki til staðar.

Félagið telur óeðlilegt að leggja endurvinnslugjald á umbúðir sem fara með neytendum úr landi. Félagið benti á það í fyrri umsögn sinn að einskorða ætti skilagjald við sölu á veitingastöðum þar sem til boða stendur að neyta drykkja á staðnum.

Í 4. tölulið greinargerðar með frumvarpinu *samræmi við stjórnarskrá*, er vikið að því að fram hafi komið sjónarmið um að skilagjald beri einkenni skatta fremur en þjónustugjalda. Má segja að umrædd breyting ýti undir þau sjónarmið með því að leggja gjald á vöru í formi skilagjalds sem viðkomandi neytandi getur ekki notfært sér. Hér er einfaldlega verið að leggja skatt ofan á vöruna en ekki þjónustugjald þar sem neytandanum er ómögulegt að nota sér þjónustuna sem um ræðir. Með þessu má gera ráð fyrir að yfir a.m.k. 20 milljónir á ári fari úr vösum neytenda í rekstur Endurvinnslunnar í formi skilagjalds sem umræddir neytendur munu ekki geta fengið til baka. Þannig er einfaldlega verið að bæta tekjuöflun til Endurvinnslunnar á kostnað neytenda í stað þess að efla endurvinnslu umbúðanna með skilagjaldi.

Félagið fer þess á leit að frumvarpið verði endurskoðað með það að sjónarmiði að álagning skilagjalds verði aðeins vegna sölu veitingastaða á einnota umbúðum. Þannig nái gjaldtakan markmiði sínu verði hún ekki óhófleg eða gangi lengra en nauðsyn ber til. Það sé ekki markmið laganna að fjármagna starfsemi Endurvinnslunnar með innheimtu skilagjalds á umbúðir sem falla ekki til hér á landi í formi skattlagningar á neytendur þvert á ákvæði Stjórnarskrárinnar.



Óskað er eftir fundi með Umhverfis- og samgöngunefndar Alþingis til að ræða sjónarmið félagsins frekar.

F.h. Isavia ohf.

Karl Alvarsson, yfirlögfræðingur